



Fundargerð

**471. fundur Sveitarstjórnar Skaftárhrepps haldinn í fundaraðstöðu
Kirkjubæjarstofu þekkingarselurs Klausturvegi 4, 2. hæð,
miðvikudaginn 23. febrúar 2022, kl. 16:00.**

Fundinn sátu:

Bjarki Guðnason, Katrín Gunnarsdóttir, Jóna Björk Jónsdóttir, Jón Hrafn Karlsson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Sveinn Hreiðar Jensson, Heiða Guðný Ásgeirs dóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Kristbjörg Hilmarsdóttir og Sandra Brá Jóhannsdóttir.

Fundargerð ritaði: Sandra Brá Jóhannsdóttir, sveitarstjóri.

Fundurinn er aukafundur sveitarstjórnar Skaftárhrepps.

Fundargerð er tölvuskráð og er 2 bls. Fundurinn er einnig hljóðritaður og verður hljóðritun geymd í tölvukerfi sveitarfélagsins. Fundinum verður einnig streymt á Youtube; <https://www.youtube.com/watch?v=1UWm5YRrMXA>

Bjarki Guðnason býður fundarmenn og áheyrendur velkomna.

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 1904001 - Endurskoðun Aðalskipulags Skaftárhrepps 2019-2032

Aðalskipulagstillaga var kynnt á íbúafundi þann 22. febrúar sl. og er nú lögð fyrir sveitarstjórn til umfjöllunar og afgreiðslu.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkir aðalskipulagstillöguna til auglýsingar. Skipulagsfulltrúa falið að senda tillöguna til yfirferðar Skipulagsstofnunar í samræmi við 30. gr. skipulagsлага nr. 123/2010.

Z- listi óskar bókunar;

Z-listinn, Sól í Skaftárhreppi telur að í Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2019-2031 séu margir jákvædir þættir svo sem tenging við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, áhersla á landgræðslu og náttúruskóga, loftslagsvænar lausnir við bindingu jökkuleirs og gefið er rými til uppbyggingar allt að 200 kw smávirkjana. Z-listinn harmar það hins vegar að inn í Aðalskipulaginu eru fjórar virkjanir rétt innan við 10 MW auk þeirra virkjana sem eru yfir 10 MW og eru til umsagnar í Rammaáætlun 3. Skaftárhreppur hefur til þessa verið óraskaður af slíkum framkvæmdum enda er á svæðinu einstök jarðfræði og náttúrumínjar sem ber að vernda til framtíðar. Auk þess er hætt við að ferðaþjónusta sem haldið hefur uppi íbúafjölgun innan sveitarfélagsins undanfarin ár muni skaðast af þessum fyrirhuguðu framkvæmdum. Z-listinn myndi heldur vilja sjá Skaftárhrepp leggja áherslu á þá mikilvægu sérstöðu sína að vera virkjanalaust svæði, utan heimarfstöðva.

2. 2202006 - Húsnaðissjálfsseignarstofnun á landsbyggðinni

Húsnaðissjálfsseignarstofnanir starfa samkvæmt lögum um almennar

*Jor
Haf
Bog
Shi
Kit*
1366



SKAFTÁRHREPPUR

leiguíbúðir nr. 52/2016. Hlutverk þeirra er að eiga og reka almennar íbúðir sem byggðar hafa verið eða keyptar með stofnframlögum frá ríki og sveitarfélögum og eru ætlaðar leigjendum sem eru undir tilteknun tekju- og eignamörkum. Ákveðið hefur verið að setja á fót eina húsnæðissjálfseignarstofnun fyrir landsbyggðina og er stofnkostnaður 50 þús.kr. Lagt er til að Skaftárhreppur verði stofnfélagi.

BG, KG, SHJ og JBJ samþykkja að Skaftárhreppur gerist stofnfélagi í húsnæðissjálfseignarstofnun fyrir sveitarfélög á landsbyggðinni og verður stofnkostnaður tekin af lið 2140-4913. Sveitarstjóra falið að taka þátt í stofnfundi og undirrita stofnskjöl fyrir hönd sveitarfélagsins. KH situr hjá við afgreiðslu málssins.

Næsti fundur sveitarstjórnar er áætlaður miðvikudaginn 9. mars 2022.

Fundargerð lesin upp og samþykkt

Fundi slitið kl. 16:23.

Bjarki V. Guðnason

Bjarki Guðnason

Katrín Gunnarsdóttir

Katrín Gunnarsdóttir

Jóna Björk Jónsdóttir

Jóna Björk Jónsdóttir

Sveinn H. Jensson

Sveinn Hreiðar Jensson

Kristbjörg Hilmarsdóttir

Kristbjörg Hilmarsdóttir